

Sp.

633. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fjögurra manna nefnd til þess að rannsaka afkomu sjávarútvegsins og framleiðslukostnað sjávarafurða. Leggi nefndin fram að þeirri rannsókn lokinni rökstutt álit um, hvaða verð þurfi að vera á sjávarafurðum, til þess að gera megri ráð fyrir, að framleiðsla þeirra veiti þeim, er hana stunda, lífvænlega afkomu og eigi lakari en aðrar stéttir eiga við að búa. Enn fremur rannsaki nefndin, hver áhrif dýrtíðaraukning stríðsáranna hefur haft á framleiðslukostnað sjávarafurða og afkomu útvegs- og fiskimanna og hvernig lækkun dýrtíðar í landinu mundi hafa áhrif á verðþarfir sjávarútvegsins og afkomu þeirra, er þann atvinnuveg stunda.

Hagstofustjóri er sjálfkjörinn í nefndina. Einn fulltrúi sé skipaður samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn án tilnefningar.

Greinargerð.

Flestum ætti að vera það ljóst, að aukning dýrtíðarinnar í landinu hefur komið harðast niður á afkomu þeirra, sem framleitt hafa til útflutnings. Þeir hafa ekki getað tekið þátt í dýrtíðarkapphlaupinu innanlands, þar sem hver hefur velt yfir á annan með þeim afleiðingum, að dýrtíðin hefur farið síhækkandi. Þeir, sem framleiða vörur til útflutnings, hafa ekki getað flúið þannig undan dýrtíðinni um stundarsakir, hvað þá heldur til frambúðar. Vöxtur dýrtíðarinnar hefur grafið undan afkomu smáútvegsmanna og fiskimanna. Þegar dýrtíðarráðstafanirnar voru brotnar niður árið 1942, gleypiti dýrtíðaraukningin í landinu alla hækkun, sem fékkst á fiskverðinu og reyndar enn meira, þótt verðið hækkaði úr 35 aurum í 45 aura pr. kg. Afleiðingin varð sú, að afkoma smáútvegsmanna og fiskimanna varð mun verri með 45 aura verðinu, er búið var að brjóta niður ráðstafanirnar gegn dýrtíðinni, heldur en áður hafði verið, þegar 35 aurar pr. kg fengust fyrir fiskinn.

Þannig urðu þær ráðstafanir, sem menn töldu sig framkvæma til að bæta kjör almennings í landinu, til þess að svipta þá, sem eiga afkomu sína undir sjávarafla og verðlagi á sjávarafurðum erlendis, verulegum hluta tekna þeirra. Þeir, sem aðal-ábyrgðina bera á þeim búsisjum, sem útvegsmenn og fiskimenn hafa orðið fyrir, telja sig bera hag þeirra sérstaklega fyrir brjósti og nota hvert tækifæri til þess að ræða um það, hversu hlutur sjávarútvegsmanna sé lélegur orðinn miðað við það, sem orðið var, og miðað við aðra. Samtímis standa þessir menn þó gegn öllum raunhæfum ráðstöfunum til lækkunar á dýrtíðinni. Og ekki nóg með það, heldur hafa þeir enn hafið harða sókn gegn því, að dýrtíðinni geti orðið haldið þar, sem hún hefur nú numið staðar um skeið vegna bráðabirgðaráðstafana, sem að vísu eru neyðarúrræði, en hafa þó komið í veg fyrir vöxt dýrtíðarinnar um stundarsakir, en

vöxtur dýrtíðarinnar mundi fyrst og fremst hafa í för með sér enn nýjar álögur á þá sérstaklega, sem afurðir selja erlendis.

Það er vitað mál, að sú stefna, sem orðið hefur ráðandi í landinu, hefur leitt til þess, að hag sjávarútvegsins og þeirra, sem eiga lífsafkomu sína undir því, hversu honum vegnar, hefur hrakað frá því, sem orðið var, og kunnugir telja, að eigi megi tæpara standa í þeim efnum en nú er, hvað þá, ef ný dýrtíðaralda verður látin flæða yfir landið, annaðhvort vegna þess, að neitað verði um tekjustofna til þess að halda dýrtíðinni í skefjum, þótt til bráðabirgða sé, eða með því að koma af stað nýrri kauphækkunaröldu í landinu. Hér má undanskilja þá útgerð, er byggir á sölu sjávarafila á frjálsum markaði í Bretlandi. En það raskar ekki því, hversu ástatt er almennt um sjávarútveginn.

Eigi liggja fyrir neinar skýrslur um þessi mál, og engar óhlutdrægar rannsóknir hafa farið fram, svo að kunnugt sé, um framleiðslukostnað sjávarútvegsins né afkomu hans. Málum þessum er nú þann veg komið, að fullkomin nauðsyn virðist á því, að slík hlutlaus athugun fari fram svo fljótt sem við verður komið. Verður að gera sér vonir um, að niðurstaða slíkrar rannsóknar yrði mikil stöð við að finna heppi- legar leiðir til úrlausnar dýrtíðar- og atvinnumálum þjóðarinnar. Slík athugun gæti væntanlega einnig orðið að verulegu liði, meðan núverandi ástand helzt um sölu sjávarafurða og sýna þarf kaupendum afurðanna fram á, hvað fyrir þær þarf að fást, til þess að rökstuddar líkur séu fyrir því, að framleiðslan svari kostnaði og veiti lífvænlega afkomu.

Þá er eigi síður nauðsynlegt, að rannsakað sé af kostgæfni og hlutlaust, hver áhrif verðlækkun í landinu hefði á kostnað við framleiðslu sjávarafurða. Er þetta höfuðnauðsyn sakir þess, að þegar svo er komið málum, að útflutningsverð sjávarafurða hrekkur eigi til þess að mæta framleiðslukostnaði við meðalskilyrði og til þess að veita útvegsmönnum og fiskimönnum lífvænlega afkomu og sambærilega við kjör annarra, þá verður að leita úrræða, til þess að jafnvægi skapist á milli framleiðslukostnaðar og afurðaverðs. Þarf þá að liggja sem ljósast fyrir, hvaða áhrifa í þessa átt er að vænta af ráðstöfunum til þess að lækka verðlag í landinu.